

Velferðarnefnd
Nefndasvið skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

24. október 2022

Efni: Umsögn BHM um tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun á fæðingar- og foreldraorlofi, mál nr. 214.

Bandalag háskólamanna (BHM) hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sveigjanlega tilhögun fæðingar- og foreldraorlofs.

Lög um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020, eru afurð starfshóps hvers hlutverk var að heildarendurskoða þágildandi lög nr. 95/2000. Í niðurstöðum starfshópsins, sem meðal annars var skipaður fulltrúa BHM, mátti greina breiða samstöðu um óframseljanlegan og sjálfstæðan rétt foreldris til orlofs en sú afstaða rímar vel við niðurstöður Starfshóps um Framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum. Í [skýrslu](#) sem starfshópurinn skilaði til félagsmálaráðherra í mars árið 2016 má finna bókun fulltrúa BHM en þar er áréttuð sú afstaða BHM að markmiðum laga um fæðingar- og foreldraorlof sé best fram náð með jafnri skiptingu orlofsins milli foreldra.

Framangreind afstaða BHM hefur ekki breytst en í [stefnu BHM](#) er fjallað um jafnréttismál og fjölskylduvænan vinnumarkað. Þar segir orðrétt:

„Býnt er að hækka greiðslur í fæðingarorlofi til að draga úr tekjutapi foreldra og tryggja að löggjöfin þjóni því tvíþætta markmiði að ungbarn rjóti jafnra samvista við foreldra sína og jafni stöðu kynjanna á vinnumarkaði. Réttur til launa í fæðingarorlofi er einstaklingsbundinn og hans verður aðeins atlað með þátttöku á vinnumarkaði en sérstaklega þarf að huga að réttindum þeirra sem eru í skertu starfshlutfalli eða utan vinnumarkaðar, svo sem námsmanna eða fólks á endurhæfingarlífeyri. Forgangsmál er að tryggja börnum aðgang að dagvistun eða leikskólaplássi þegar fæðingarorlofi lýkur, óháð fæðingardegi barns, búsetu fjölskyldunnar og efnahag.“

Tilhögun fæðingar- og foreldraorlofsmála er gríðarlega stórt jafnréttismál í íslensku samfélagi. Rannsóknir sýna að launamun kynjanna megir að einhverju marki rekja til fjarveru mæðra af vinnumarkaði upp úr fæðingu barns. Tillaga um sameiginlegan rétt foreldra til tólf mánaða fæðingarorlofs gengur þannig gegn markmiðum núgildandi laga um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020.

BHM leggst því gegn framgangi þingsályktunartillögunnar og ítrekar mikilvægi þess að hámarksgreiðslur úr fæðingarorlofssjóði verði hækkaðar og flestum foreldrum sé þannig gert mögulegt að nýta rétt sinn barni sínu og sjálfum sér til hagsbóta.

Virðingarfyllt,



Gissur Kolbeinsson,
framkvæmdastjóri BHM.